

Austurhlið
1:100



Suðurhlið
1:100




## Breyting á notkun.

Um er að ræða flatgryfju á bænum Klængshóli í Skíðadal. Steyptur grunnur og útveggir upp í 2,30 m hæð og 20 cm. þykkir. Ofan á veggina er reist stálgrind úr 90x180 mm. I-bitum, klædd með bárujárni utan á veggi og þak.

Flatgryfjuna á að nota sem aðstöðuhús fyrir ferðaþjónustuna á Klængshóli. Skipta henni í tvo u.þ.b. jafn stóra hluta með einangruðum þvervegg sem nær frá gólfi upp í rjáfur. Í syðri helminginn er sett milligólf úr timbri sem borið er uppi af gildum rekaviðarbolum.

Allt bárujárn á þeim parti er tekið af veggjum og þaki. Þakið heilklætt með borðaklæðningu, settur pappi þar á og nýtt bárujárn sett aftur í stað þess sem tekið var. Einangrað er milli þaksperra, sett rakasperra og klætt með gipsi og þar neðan í með óhefluðum furuborðum. Á útveggi er sett grind úr borðum, 12 mm. krossviður þar á og bárujárnið sett aftur yst. Veggirnir í stálgrindinni eru allir einangraðir með steinull, rakasperra þar innan við og klætt með gipsi og standandi borðaklæðningu. Á efri hæðinni verður um 100 m2 salur og tvær 10,0 m2 skrifstofur. Tröppur upp á efri hæð er úr ytriparti og einnig er útgangur suður úr stafninum út á pall og af honum útitröppur niður á jörð.
Neðri hæð suðurenda verður skipt í nokkur hólf með léttum skilrúmum. Þar verður snyrting, verkstæði til að laga og smyrja skíði, fata og þurrkherbergi, frístundarstofa og jafnvel útibú frá útivistavöruverslun auk geymslna.

Norðurhelmingur byggingarinnar verður áfram eins og hann er í dag, óeinangraður og hrár. Þar verður aðstaða til að geyma bíla og sleða.

Landnúmer: 151958
Fastanúmer: 215-5930
Matshluti: 08 0101
Flatarmál: 258,6 m2




Grunnmynd neðrihæð
1:100




Snið A:A
1:100

## Kröfur um brunavarnir:

Húsið mun eftir breytingar flokkast í notkunarflokk 2. Á byggingar í þeim notkunnarflokki eru gerðar kröfur um sjálfvirkt brunaviðvörunarkerfi, s.b. 9.1.3. gr. byggingarreglugerð nr. 112 frá 24 jan. 2012.

Einnig er skylt að hafa eitt slökkvitæki með slökkvigildi 13A á hvorri hæð, staðsett við útganga.

FL Flóttaleið
HS Handslökkvutæki




Grunnmynd efrihæð
1:100



Snið B:B
1:100

| | | |
|---|---|---|
| KRISTJÁN ELDJÁRN HJARTARSON<br>Byggingafræðingur<br>kt. 100956-3309<br>TJÖRN SVARFAÐARDAL<br>Sími: 466-1855 e-mail: keld@simnet.is<br>GSM: 846-3390 | KRÆNGSHÓLL SKÍÐADAL<br>AÐSTÖÐUHÚS (FJÁRÚSHLAÐA)<br>AÐALUPPDRÆTTIR<br>GRUNNMYND, SNIÐ OG ÚTLIT | 12-007<br>99-101 |
| mkv. 1:100 teiknað. KELD | dags. 20.04.2013 | |